






Skýringarmynd: Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Staðfest 28. desember 2021



Deiliskipulag: Smiðjuvegur 7, Kópavogi í mkv. 1:1000.
Samþykkt í bæjarráði 7. september 2006 m.s.br. dags. 24. mars 2009.



Breytt deiliskipulag:
Smiðjuvegur 7, mkv. 1:1000

Smiðjuvegur 7, Kópavogur Breytt deiliskipulag

Breyting skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 105, dags. 20. september 2021

ONE / 2109328

Greinargerð:

- Í deiliskipulagi Smiðjuvegur 7 samþ. 7. september 2006 og breytt 24. mars 2009 var gert ráð fyrir viðbyggingu á einni hæð ásamt kjallara vestan núverandi byggingar á lóðinni. Heildarbyggingarmagn á lóðinni var áætlað 4672 m². Gert var ráð fyrir alls 69 bílastæðum, þar af 31 bílastæði í bílajakallara.
- Í breytingunni er fallið frá viðbyggingu með bílajakallara, til vesturs. Þess í stað er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir viðbyggingu á einni hæð norðan núverandi byggingar á lóðinni, alls 482 m² að flatarmáli. Núverandi byggingarmagn á lóðinni er 2555 m² og mun heildar byggingarmagn á lóðinni verða 3044 m² eftir breytingu. Einnig er lagt til breytt fyrirkomulag bílastæða, reiknað er með 81 bílastæðum ofan jarðar, þar af 2 fyrir fatlaða.
- Í breytingunni felst:
 - Tilfærsla á byggingarreit.
 - Áætlað heildar byggingarmagn minnkar úr 4672 m² í 3044 m².
 - Áætlað nýtingarhlutfall minnkar úr 0,49 í 0,44.
 - Bílastæðum fjölga úr 69 í 81.

Ferill máls:

Á fundi skipulagsráðs nr. 105, þann 20. september 2021 var samþykkt með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Afgreiðsla skipulagsráðs var staðfest á fundi bæjarstjórnar 28. september 2021. Auglýsing birtist í Fréttablaðinu þann 19. febrúar 2022 og í Lögbirtingarblaðinu þann 21. febrúar 2022. Kynningartíma lauk þann 13. maí 2022. Engar athugasemdir bárust. Á fundi skipulagsráðs nr. 120 þann 16. maí 2022 var erindið lagt fram að nýju. Skipulagsráð samþykkti erindið og vísaði því til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar þann 24. maí 2022 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Kópavogi 24. maí 2022
Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

Breytt deiliskipulag




KÓPAVOGSBÆR
Skipulags- og byggingardeild
DEILISKIPULAG


Stjórnartíðindi B-deild nr.: 959
Útgáfudagur: 24. ágúst 2022



Skýringarmynd - núverandi staða



Skýringarmynd - Útlit austur - gildandi deiliskipulag í mkv. 1:500



Breytt deiliskipulag - Sneiðing AA í mkv. 1:500